

Fundargerð

22. apríl 2020

Samstarfsnefndar ríkis og sveitarfélaga -

Jónsmessunefndar

22. apríl 2020

Árið 2020, 22. apríl kl. 15:00 kom samstarfsnefnd ríkis og sveitarfélaga – Jónsmessunefnd – saman til fjárfundar í gegnum Teams.

Fundinn sátu: Ragnhildur Hjaltadóttir, ráðuneytisstjóri í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, sem stýrði fundi, Aldís Hafsteinsdóttir formaður sambandsins, Karl Björnsson framkvæmdastjóri sambandsins, Dagur B. Eggertsson borgarstjóri, Guðmundur Árnason ráðuneytisstjóri í fjármála- og efnahagsráðuneytinu.

Einnig sátu fundinn: Hermann Sæmundsson, skrifstofustjóri í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, Guðni Geir Einarsson, sérfræðingur í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, Guðrún Ögmundsdóttir, skrifstofustjóri í fjármála- og efnahagsráðuneytinu, Sigurður Ármann Snævarr, sviðsstjóri hjá sambandi íslenskra sveitarfélaga auk Tinnu Dahl Christiansen, sérfræðings í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, sem einnig ritaði fundargerð.

Að auki sátu fundinn:

- Undir öðrum lið: Tómas Brynjólfsson og Björn Þór Hermannsson, skrifstofustjórar í fjármála- og efnahagsráðuneytinu.
- Undir þriðja lið: Karl Sigurðsson, sérfræðingur frá Vinnumálastofnun.

Þetta var tekið fyrir:

Dagskrá:

1. Fundargerðir undirnefnda.

Lagðar voru fram til kynningar fundargerðir samráðsnefndar um opinber fjármál frá 17. október 2019 – 2. desember 2019.

2. Staða á fjármálum hins opinbera

Fulltrúar frá fjármála- og efnahagsráðuneytinu fóru yfir sviðsmynd um mögulega framvindu efnahagsmála og áhrif þeirra á fjármála hins opinbera. Sviðsmyndin byggði á þeirri tæknilegu forsendu að fleiri ferðamenn komi ekki til landsins það sem eftir lifir árs og að ein milljón ferðamanna komi til landsins árið 2021, sem er 50% fækkun frá árinu 2019. Einkaneysla mun einnig dragast mikið saman vegna sóttvarnaáðgerða og aukinnar sparnaðarhneigðar. Verðbólga nokkuð stöðug og atvinnuleysi spáð í kringum 10-11% í ár og lækkar hægt. Gert er ráð fyrir miklum samdrætti atvinnuvegafjárfestingar en að fjárfestingaráttak hins opinbera skili sér að fullu. Gert er ráð fyrir bata á næsta ári en að langan tíma taki að vinna upp framleiðslutapið.

Gert var grein fyrir að afkomuhorfur munu versna. Tekjuhorfurnar voru þegar farnar að versna í lok síðasta árs og hafa versnað enn frekar með tilkomu Covid-19. Greiðsluafkoma ríkissjóðs mun versna verulega sem felur í sér að skuldir ríkissjóðs munu aukast mikið. Upplaggið núna sé að halda kerfinu gangandi, ekki stíga á

bremsuna, það muni leiða til enn frekari samdráttar. Rætt var um mikilvægi þess að virkja enn betur starfsemi samráðsnefndar um opinber fjármál. Jafnvel bæta við starfsfólki. Mikil þörf væri fyrir því að greina hvert rekstur sveitafélaganna stefnir.

Sammælt var um að styrkja stoðir samráðsnefndar um opinber fjármál til að ná utan um efnahagshorfur sveitarfélaganna. Setja inn auka mannafla í nefndina frá fjármálaráðuneyti, samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti sem og Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

3. Vinnumálastofnun – atvinnuleysi

Karl Sigurðsson sérfræðingur frá Vinnumálastofnun gerði grein fyrir nýjustu tölfræði varðandi atvinnuleysi. Hann greindi meðal annars frá því að fjöldi atvinnalausra væri að aukast og að atvinnuleysi væri á bilinu 17-18%. Aukning væri á öllum landshlutum, almennt atvinnuleysi væri hátt á Suðurnesjum og staðan erfið á Suðurlandi.

4. Aðgerðapakki 2 frá ríkisstjórninni

Fulltrúar fjármálaráðuneytisins fjölluðu stuttlega um framhald efnahagsaðgerða stjórnvalda vegna heimsfaraldurs Covid-19. Ber þar einna helst að nefna styrkja- og lánaveitingar stjórnvalda: 1) Lokunarstyrkir, rekstrarstyrkir vegna fyrirmæla um lokun starfsemi. 2) Stuðningslán, rekstrarlán til minni fyrirtækja í lægð vegna faraldursins. 3) Jöfnun tekjuskatts, heimild til að jafna tap þessa árs á móti hagnaði í fyrri.

5. Sviðsmyndagreining fyrir sjálfbærni sveitarfélaga

Gert var stuttlega grein fyrir samningsdrögum við Analytica um sviðsmyndagreiningu á fjármálum sveitarfélaga. Um er að ræða gagnagrunn sem inniheldur upplýsingar um fjármál allra sveitarfélaga og er byggður á gagnagrunni Sambands íslenskra sveitarfélaga, gögnum Hagstofu Íslands og öðrum aðgengilegum upplýsingum. Með þessu móti er hægt að kalla eftir upplýsingum í rauntíma.

6. Staða á framkvæmd þingsályktunartillögunnar um stefnumótandi áætlun í málefnum sveitarfélaga

Greint var frá því að frumvarpið væri ekki komið úr þingflokki og því hafa aðgerðir verið settar í bið á meðan.

7. Önnur mál

Næsti fundur nefndarinnar verður 13. maí kl. 15:00.

Fundi var slitið kl. 16:05.

-TDC-